

# Að kjósa eða sitja hjá?


*Hvert atkvæði skiptir máli!*

<b>Málefni</b>	Lýðræði, borgaravitund, almenn mannréttindi
<b>Þvingdarstig</b>	Stig 4
<b>Hópstærð</b>	Hver sem er
<b>Tími</b>	Fjórar og hálf klukkustund/270 mínútur (í þremur hlutum)
<b>Yfirlit</b>	<p>Í þessu verkefni er gerð skoðanakönnun meðal íbúa til að hægt sé að rannsaka eftirfarandi málefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kosningar með atkvæðagreiðslu.</li> <li>• Kosningaþátttöku.</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til að taka þátt í að stjórna landi sínu.</li> <li>• Rétturinn til að taka þátt í lýðræðislegum kosningum.</li> <li>• Tjáningarfrelsi.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að sjá skynsemina í því að nota atkvæði sitt í kosningum.</li> <li>• Að verða fær um að greina upplýsingar á gagnrýnni hátt.</li> <li>• Að átta sig á að persónulegt framlag hvers einasta borgara í lýðræðislegu samfélagi skiptir máli.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Könnunarblað 1 og 2, eitt eintak af hvoru fyrir hvert par.</li> <li>• Ljósrit af leiðbeiningum um hvernig könnun skuli fara fram, eitt eintak fyrir hvert par.</li> <li>• Pennar og blýantar handa öllum.</li> <li>• Stórar pappírsarkir (A3) eða flettistöflupappír og merkipennar.</li> <li>• Límband.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ljósritaðu könnunarblaðið á stórt blað svo að hægt sé að nota það til leiðbeiningar.</li> <li>• Taktu ljósrit af könnunarblöðum 1 og 2 á stórar pappírsarkir þar sem niðurstöðum verður safnað saman.</li> <li>• Gerðu tímaáætlun fyrir verkefnið. Gera þarf ráð fyrir 60 mínútum í 1. hluta (kynningu á skoðanakönnuninni), minnst 120 mínútum í 2. hluta (skoðanakönnunina) og 90 mínútum í 3. hluta (greiningu á niðurstöðum ásamt samantekt og mati).</li> </ul>

## Leiðbeiningar

### I. hluti: Kynning á skoðanakönnuninni

1. Segðu þátttakendum að megintilgangur fyrsta áfangans sé að undirbúa þá undir að fara út á meðal fólks og kanna hvers vegna það fer á kjörstað eða situr hjá.
2. Spyrðu þátttakendur hvort þeir ætli að kjósa í sveitarstjórnar- eða þingkosningum í næsta (fyrsta?) skipti sem tækifæri til þess gefst. Segðu þeim að rétta upp hönd



**Lykildagsetning**

19. júní, dagurinn sem konur fengu kosningarétt á Íslandi

og skiptu svo hópnum í tvennt, þá sem ætla að kjósa (A) og þá sem ætla að sitja hjá (B). Þeim sem eru óákveðnir má skipta af handahófi milli hópanna svo að þeir verði álíka stórir.

3. Segðu þeim síðan að skrifa á stórt blað ástæður þess að þeir ætli eða ætli ekki að kjósa. Þeir fá fimmtán mínútur til að gera þessa lista.
  4. Kallaðu hópana saman aftur og segðu talsmönnum þeirra að lesa upp listana. Leyfðu stuttar umræður að því loknu og bættu fleiri tillögum við ef einhverjar eru.
  5. Afhentu síðan eintök af könnunarblaðinu. Notaðu stóra ljósritið til útskýringar. Gættu þess að öllum sé ljóst að í fyrri hlutann skal skrá svör þeirra sem sitja hjá og í seinni hlutann svör þeirra sem kjósa. Bentu þátttakendum á að spurningarnar séu eins í báðum hlutum, að undanskilinni 2. spurningu. Lestu spurningarnar upp og gættu þess að ekkert sé óljóst.
  6. Útskýrðu síðan hvernig á að skrá svörin. Sýndu þátttakendum dæmið (sjá dreifi-blað) og skýrðu fyrir þeim hvernig nota skal „fimm strika“ aðferðina til að auðvelt sé að telja.
  7. Láttu þá fá leiðbeiningarnar um hvernig taka skuli viðtal, eitt eintak á par. Lestu þær upp og ræddu eftirfarandi atriði:
    - Hvernig þátttakendur geti tryggt að viðmælendur séu valdir af handahófi
    - Hve marga aðila hvert par á að ræða við? (Því fleiri þeim mun betra!)
    - Hvar og hvenær skoðanakönnunin skal fara fram
    - Hvenær unnið verður úr könnuninni
    - Hvenær skuli mæta aftur til að fjalla um niðurstöðurnar
  8. Þegar öllum er ljóst hvað þeir eiga að gera skal haldið áfram og tekið til við næsta lið – sjálfa skoðanakönnunina!
- 2. hluti:** Greining á niðurstöðum
1. Skoðanakönnuninni er nú lokið. Þátttakendur hittast til að flokka niðurstöðurnar og fjalla um þær. Það ætti að taka 60 mínútur.
  2. Segðu þörunum að leggja saman niðurstöðurnar í hvorum flokki og skrá þær á stóru arkirnar tvær. Þannig er öllum upplýsingunum safnað saman og hægt er að reikna út heildarniðurstöðuna. Einnig skal skrá „ástæðurnar“ sem viðmælendur nefndu. Ef sama ástæðan var oft gefin upp skal skrá hve oft og nota aftur „fimm strika“ aðferðina.
  3. Þegar öllum gögnunum hefur verið safnað saman skaltu biðja þátttakendur að reikna út eftirfarandi atriði:
    - Heildarfjöldi viðmælenda
    - Hlutfall kjósenda af heildinni og hlutfall þeirra sem sitja hjá
    - Hlutfall karla og kvenna
    - Hlutfall viðmælenda eftir aldurshópum
    - Aldurshópin með fæstum kjósendum
    - Aldurshópin með flestum kjósendum
    - Algengustu ástæðurnar fyrir því að fólk situr hjá
    - Algengustu ástæðurnar fyrir því að fólk kys
    - Hvort fleiri nefndu ástæður sem tengdust einstaklingum eða flokkum, hvort heldur sem er.
  4. Síðan skal hefja umræður um hvort þátttakendum fannst gaman að gera skoðana-könnunina, hvað þeir upplifðu og lærðu af því.

## Samantekt og mat

Ef til vill viltu koma inn á ýmis atriði í almennu umræðunni, svo sem:

- Hvernig leið þátttakendum á meðan skoðanakönnunin fór fram? Var fólk almennt tilbúið til að svara spurningunum?
- Var erfitt að vinna úr könnuninni? Var það skemmtilegt?
- Tókst hópnum að fá fram „dæmigert“ sýnishorn af þjóðinni í heild? Hvaða erfiðleikum var það háð?
- Að hvaða leyti er vandasamt að draga ályktanir af niðurstöðum hópsins? Hvernig er hægt að komast hjá þeim vanda?
- Komu einhverjar niðurstöðutölur sérstaklega á óvart?
- Var niðurstaða könnunarinnar að einhverju leyti óvænt?
- Voru svör viðmælendanna að einhverju leyti svipuð því sem þátttakendur áttu von á? Telja þátttakendur að viðmælendur þeirra séu „dæmigerður“ hópur sem endurspeglar þjóðina í heild?
- Mundu þeir fara öðruvísi að ef þeir ættu að gera skoðanakönnunina aftur?
- Gefa niðurstöður könnunarinnar raunsæja mynd af kosningaþátttöku í byggðarlaginu? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Oft eru tölfræðileg gögn sett fram eins og staðreyndir til að rökstyðja einhvern málstað. Hvaða fyrirvara ætti fólk að hafa á tölfræðilegum niðurstöðum?
- Hvað finnst þátttakendum núna um nauðsyn þess að nýta atkvæði sitt, eða sitja hjá? Hefur einhver skipt um skoðun (í hvora áttina sem er)? Ef svo er, hver voru sterkustu rökinn fyrir því?

## Ábendingar til leiðbeinanda

Fyrsta hluta verkefnisins, þar sem skoðanakönnunin er skipulögð, er ætlað að skapa grundvöll sjálfrar könnunarinnar, annars hlutans. Strax í upphafi er ráðlegt að segja afdráttarlaust að tilgangur þessa verkefnis sé sá að ungt fólk geri sér ljóst að það skipti máli að leggja sitt af mörkum til lýðræðisins. Leggja skal áherslu á það sjónarmið í stað þess að tala um að fólk „verði“ að nota atkvæði sitt. Segja skal þátttakendum að hver og einn þeirra verði að hafa gert upp hug sinn þegar verkefninu lýkur, en til að þeim takist það sé mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir hinum ýmsu og ólíku ástæðum þess að kosningar fari fram.

Reynt skal að hafa umræðurnar um það hvort fólk kýs eða situr hjá (liður 4) eins hlutlægar og hægt er, í stað þess að hvetja þá sem vilja kjósa til að hafa áhrif á þá sem vilja sitja hjá. Þessar umræður mega ekki teygjast á langinn, þær eiga aðeins að vera undirbúningur fyrir könnunina.

Þegar fjallað er um hvernig viðtal skuli fara fram (liður 7) þarf að taka tillit til þeirra vandamála sem upp kunna að koma í könnun sem þessari. Í sumum samfélögum getur fólk verið hrætt við að svara spurningum sem ókunnugt fólk leggur fyrir það úti á götu. Þá kann að vera heppilegra að þátttakendur leggi spurningarnar frekar fyrir vini sína og kunningja.

Afar mikilvægt er að leiðbeinandinn átti sig á hve miklum upplýsingum hópurinn getur unnið úr. Ekki skal safna svo miklum upplýsingum að þátttakendur gefist upp á útreikningunum. Ef hópurinn er stór ætti hvert par að leggja færri spurningar fyrir viðmælendur sína en ella.

### Tillögur um framhald

Bent er á ítarefnið aftar í bókinni, þar sem fjallað er um lýðræði, en þar geta þátttakendur komist að því hvenær konur fengu kosningarétt. Einnig er tilvalið að leita upplýsinga um hvaða samfélagshópar eru ekki með kosningarétt (t.d. börn, innflytjendur, fangar o.s.frv.), ræða ástæður þess og hvort þær séu réttmætar.

Í lýðræðisþjóðfélagi hefur fólk ýmsa möguleika á að hafa áhrif á málefni sem varða hagsmuni þess. Verkefnið „Orkuver“, bls. 194, getur vakið þátttakendur til umhugsunar um hvernig hægt sé að koma á breytingum í samfélaginu.

### Hugmyndir um aðgerðir

Hægt er að skipuleggja hátíðarhöld á þeim degi sem konur fengu kosningarétt.

Ef þátttakendur komast að því að einhverjir hópar í samfélaginu eru ekki með kosningarétt og finnst það óréttlátt geta þeir skrifað þingmönnum bréf og gert þar grein fyrir sjónarmiði hópsins. Einnig má fá fleiri til að undirrita bréfið.

## Leiðbeiningar um skoðanakönnunina

### Viðmælendur

1. Veljið viðmælendur af handahófi: með öðrum orðum, ekki á að „velja“ fólk til skoðanakönnunar eftir því hvort það er ungt, gamalt, vel útlítandi, kvenkyns o.s.frv. Forðist hlutdrægni.
2. Spyrjið viðmælendur hvort þeir hafi nokkuð á móti því að svara nokkrum spurningum í skoðanakönnun, segið þeim deili á ykkur og að svörin verði nafnlaus, og að niðurstaða könnunarinnar verði ekki birt opinberlega; hún sé aðeins ætluð til úrvinnslu innan þessa tiltekna hóps.

### Viðtalið

1. Ef viðmælandinn fellst á að taka þátt í könnuninni skaltu spyrja hann hvort hann hafi notað atkvæði sitt síðast þegar kosningar fóru fram. Ef hann svarar því neitandi skuluð þið skrá svarið á fyrri hlutann, „þeir sem sitja hjá“. Ef hann svarar því játandi skráið þið svarið á seinni hlutann, „þeir sem kjósa“.
2. 1. spurning: Fólk þarf ekki að gefa upp aldur sinn. Þá er merkt við aftasta dálkinn.
3. 2. spurning: Sýnið viðmælandanum valkostina og segið honum að velja einn þeirra. Ef ástæðan er önnur skal skrifa það í dálk E. Athugið: Munurinn á B og C er sá að B tekur til tiltekins einstaklings og C til einhvers flokks.
4. Merkja skal greinilega við svo að auðvelt sé að taka niðurstöðurnar saman í lokin. Skrá ætti eins marga viðmælendur og komast fyrir á hverju blaði. Aðeins skal merkja við eitt svar við hverri spurningu hjá hverjum og einum.

## EFNI TIL DREIFINGAR

## Könnunarblað

## I: Þeir sem sitja hjá

## 1. spurning: Í hvaða aldurshópi ert þú? (Valfrjálst)

	Yngri en 25 ára	25 – 40	40 – 60	Eldri en 60 ára	Vil ekki gefa upp aldur
KARL					
KONA					

## 2. spurning: Hver var helsta ástæða þess að þú sast hjá við síðustu kosningar?

- A. Ég taldi að það hefði engin áhrif á úrslitin  
 B. Það var enginn sem ég gat hugsað mér að kjósa  
 C. Ég var ekki sammála neinu þeirra stefnumála sem um var að ræða  
 D. Ég nennti því ekki  
 E. Önnur ástæða (nefna hana):

A	B	C	D	E

## 2: Þeir sem kjósa

## 1. spurning: Í hvaða aldurshópi ert þú? (Valfrjálst)

	Yngri en 25 ára	25 – 40	40 – 60	Eldri en 60 ára	Vil ekki gefa upp aldur
KARL					
KONA					

## 2. spurning: Hver var helsta ástæða þess að þú kaust síðast?

- A. Mér fannst það vera lýðræðisleg skylda mín.  
 B. Ég vildi kjósa [einstakling]  
 C. Ég vildi kjósa [flokk]  
 D. Ég vildi ekki að [annar einstaklingur/flokkur] sigraði  
 E. Önnur ástæða (nefna hana):

A	B	C	D	E

## Dæmi um hvernig á að útfylla könnunarblaðið

Fyrri hluti: Þeir sem sitja hjá

1. spurning: Í hvaða aldurshópi ert þú? (Valfrjálst)

	Yngri en 25 ára	25 – 40	40 – 60	Eldri en 60 ára	Vil ekki gefa upp aldur
KARL	III III II	III III II	III III II	III III II	
KONA	III III II	III III II	III III II	III III II	

2. spurning: Hver var helsta ástæða þess að þú sast hjá við síðustu kosningar?

- A. Ég taldi að það hefði engin áhrif á úrslitin
- B. Það var enginn sem ég gat hugsað mér að kjósa
- C. Ég var ekki sammála neinum þeirra stefnumála sem um var að ræða
- D. Ég nennti því ekki
- E. Önnur ástæða (nefna hana):

A	B	C	D	E
III III II III III II	III III II III III II	III III II III III II	III III II III III II	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ég var ekki á staðnum</li> <li>• Ég treysti ekki stjórnámálamönnum</li> <li>• Einhver bað mig að gera það ekki</li> </ul>